

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 4. tbl. 14. árg. apríl 2020

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Skólastarf á tímum Covid-19

Eins og allir vita hafa verið gerðar miklar breytingar á skólastarfinu á síðustu vikum vegna Covid-19 og samkomubanns. Á þessum tíma hefur flestum lærst að taka bara einn dag í einu og í skólanum er fólk glatt þegar ekki þarf að breyta miklu í skipulaginu frá einum degi til annars. Stefnt er að því að halda óbreyttu skólastarfi fram að páskafrí en því verður tekið með jafnaðargeði ef það gengur ekki. Nemendur verða komnir í páskafrí að kennslu lokinni 3. apríl.

Skólastarf hefst aftur miðvikudaginn 15. apríl. Þá ætti að vera búið að aflétta samkomubanni og skólastarf að geta hafist með eðlilegum hætti en miðað við þróun faraldursins er óvíst að svo verð. Foreldrar eru því beðnir um að fylgjast með fréttum frá skólanum 14. apríl. Þeim verður sendur póstur í gegnum mentor um fyrirkomulag á skólastarfi og tilkynning sett á heimasíðuna.

Við skulum komast í gegnum þessa erfiðu tíma með mennskuna að leiðarljósi. Verum góð hvert við annað, dugleg að vera í sambandi þó við hittum fólk lítið og hjálpum þeim sem minna mega sín.



Skólapúlsinn hjá 6.-10. bekk

Síðasta mæling Skólapúlsins fór fram í janúar en þá svaraði þriðjungur nemenda í 6. – 10. bekk. Niðurstöðurnar núna eru því samanlögð svör nemenda frá september og janúar en þriðjungur nemenda sem á eftir að svara könnuninni svarar henni í maí og lokaskýrsla birtist þá á heimasíðu í júní. Á heimasíðu skólans <https://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/nidurstodur-nemenda-i-januar-2020.pdf> má sjá heildarniðurstöður en hér eru þær helstu dregnar saman.

Virgni nemenda í skólanum

Litlar breytingar hafa orðið á virgni nemenda í skólanum. Ánægja nemenda af náttúrufræði hefur dalað en ánægja af lestri hefur aukist og einnig hafa nemendur meiri trú á eigin vinnubrögðum í námi og trú á eigin námsgetu. Áhugi á stærðfræði er enn góður en þrautseigja í námi mætti vera meiri.

Líðan og heilsa

Flestir þættir sem snúa að líðan og heilsu koma betur út núna en á síðast skólaári og eru yfir landsmeðaltali. Nemendum finnst þeir hafa betri stjórn á eigin lífi, vellíðan nemenda er yfir landsmeðaltali, einelti hefur enn minnkað frá síðustu árum þó að enn sé verk þar að vinna. Nemendur hreyfa sig mikið en hollusta í mataræði er marktækt undir landsmeðaltali.



Skóla og bekkjarandi

Virki þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats er marktækt yfir landsmeðaltali og hefur batnað á milli ára. Samband nemenda við kennara og samsömun við nemendahópinn eru á landsmeðaltali en það sem snýr að aga í tímum er marktækt undir landsmeðaltali en þar höfum við dalað frá í fyrra.

Samantekt á niðurstöðum 6. – 10. bekkjar

Í heildina kemur Skólapúlsinn vel út. Það eru helst þættir sem snúa að aga í tímum og þrautseigju í námi sem mættu koma betur út, þrátt fyrir mikla vinnu undanfarin ár eru niðurstöðurnar ekki þær sem við vildum sjá en vonandi

breytist það til batnaðar í vor. En það er ánægjulegt að sjá að vinnan sem við höfum lagt í síðustu ár gegn einelti hefur skilað sér hjá okkur þó alltaf megi gera betur.

Foreldrakönnun Skólapúlsins

Komnar eru niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins sem slembiúrtak foreldra svaraði í febrúar. Niðurstöður könnunarinnar eru allar inn á heimasíðu skólans

[https://gs.hornafjordur.is/media/pdf-innra-](https://gs.hornafjordur.is/media/pdf-innramat/foreldrakonnun-februar-2020.pdf)

[mat/foreldrakonnun-februar-2020.pdf](https://gs.hornafjordur.is/media/pdf-innramat/foreldrakonnun-februar-2020.pdf). Könnunin skiptist í fimm megin hluta en fjölmargar spurningar liggja að baki niðurstöðum í hverjum hluta fyrir sig og eru helstu niðurstöður dregnar saman hér.



Nám og kennsla

Fjórir þættir snúa að námi og kennslu í skólanum, þar kemur fram að foreldrar eru á landsmeðaltali varðandi ánægju með nám og kennslu í skólanum og aukin ánægja er meðal foreldra með stjórnun skólans. Þegar spurt er um hvort foreldrar telji verkefnið sem nemendur fá við hæfi þá erum við aðeins undir landsmeðaltalinu. Við erum marktækt undir landsmeðaltali þegar foreldrar eru spurðir um hvernig þeim finnst agi í skólanum vera en þar höfum við að mati foreldra dalað mjög á milli ára.

Velferð nemenda

Í þáttunum ellefu sem snúa að velferð nemenda koma flestir þættir betur út en landsmeðaltal segir til um. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur hefur aðeins dalað á milli ára. Þá er ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum meiri en á landsvísu en hefur þó minnkað á milli ára sem og ánægja þeirra með hraða úrvinnslu í eineltismálum og með eineltisáætlun skólans.

Aðstaða og þjónusta

Sjö þættir eru undir þessum lið og fimm af þeim gefa tölulegar niðurstöður. Í öllum þessum þáttum erum við í og yfir landsmeðaltali.

Foreldrasamstarf

Undir þessum lið eru ellefu þættir og gefa átta þeirra tölulegar niðurstöður. Af þessum átta eru sex þættir í og yfir landsmeðaltali, þar sjáum við breytingar á milli ára. Þegar spurt er hvort leitað sé eftir tillögum og ábendingum frá foreldrum hefur það aukist á milli ára en er þó undir landsmeðaltali. Einnig er undir landsmeðaltali sá liður að foreldrar hafi áhrif á ákvarðanir sem varða börn þeirra.

Heimastuðningur

Undir þessum lið kemur fram að foreldrar eru virkir í námi barna sinna, nemendur vilja leita eftir þátttöku foreldra sinn í námi og foreldrar hér telja að heimavinnan sé hæfileg. En þegar spurt er um tímann sem foreldra aðstoða við heimanám þá erum við marktækt undir landsmeðaltali.

Samantekt á niðurstöðum foreldrakönnunar

Í heildina kemur foreldrakönnun Skólapúlsins vel út og er það ánægjuefni en hinsvegar er það áhyggjuefni að sjá að við erum marktækt undir landsmeðaltali varðandi aga í skólanum bæði í svörum hjá nemendum og foreldrum og þurfum við að bregðast við því eins fljótt og auðið er.

Matseðill í apríl eftir páska

15.04 Steiktur fiskur, soðnar kart., brætt smjör
16.04 Lasagne, hvítlauksbrauð
17.04 Hrísgrjónagrautur, brauð
m/osti/kjúklingaáleggi

23.04 Grísasteik, steiktar kartöflur, rauðkál, sinnepsrjómasósa
24.04 Blómkálssúpa, brauð
m/kindakæfu/osti/skinku

20.04 Soðinn þorskur, soðnar kartöflur, rúgbrauð
m/smjöri, brætt smjör
21.04 Hamborgari í brauði, franskar kartöflur,
kokteilsósa
22.04 Fiskibollur, soðnar kartöflur, laukfeiti

27.04 Nætursaltaður fiskur, soðnar kartöflur,
rúgbrauð m/smjöri, brætt smjör
28.04 Hakkréttur, spaghetti, hvítlauksbrauð
29.04 Fiskistangir, soðnar kartöflur, köld sósa
30.04 Pítubrauð, kjöthleifur, pítusósa

Bekkjarmyndataka hjá 1., 4., 7. og 10. bekk 6. maí

Blái dagurinn 2. apríl

Fimmtudaginn 2. apríl stendur Blár apríl – styrktarfélag barna með einhverfu að bláa deginum. Markmiðið er að vekja athygli á einhverfu og sýna einhverfum stuðning og samstöðu. 2. apríl eru allir hvattir til að klæðast bláu og fræðast um einhverfu t.d. með því að horfa á myndbandið blarapril.is/fraedsla